



Þinggerð 63. ársþings KSÍ
Haldið á Laugardalsvelli
14. febrúar 2009

**Þinggerð 63. ársþings KSÍ,
haldið á Laugardalsvelli, 14. febrúar 2009**

Þingið setti formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, 14. febrúar kl. 11:00 og mælti svo:

Forystufólk íslenskrar knattspyrnu, góðir þingfulltrúar.

Við höldum ársþing þegar útlit í efnahagsmálum Íslendinga er það dekksta sem við höfum upplifað. Alheimskreppa er eða hefur skolið á og óvissutímar eru framundan. Knattspyrnan slær í takt við það samfélag sem við lifum í og ljóst er að rekstrarskilyrðin hafa versnað. Það eru sjálfkrafa viðbrögð að leiða hugann að því hvert hlutverk knattspyrnuhreyfingarinnar er við slíkar aðstæður. Stundum segir forseti FIFA að knattspyrna sé skóli lífsins. Sá skóli snýr ekki að almennri menntun heldur þeirri staðreynd að knattspyrnan er vettvangur ungs fólks til heilbrigðs lífnis, meiri sjálfsgaga og sjálfstrausts. Samvinna, virðing fyrir leikreglum og öðrum þátttakendum, mótlæti og gleði, allt er þetta hluti af mikilvægum lærdómi leiksins. Þessi gildi hafa ávallt verið hluti af okkar starfi og eiga alltaf við. Þau eru í raun tilgangur okkar mikla starfs. Við megum ekki missa sjónar af því og nú þegar kreppir að verðum við minna okkur á þessi grunngildi.

Árið 2008 var gott fyrir íslenska knattspyrnu og í raun uppskera mikils og skipulegs starfs margra ára. Mótahaldið var sem fyrr kjarninn í starfsemi KSÍ. Þetta er vandasamt starf sem þarf að vinna af vandvirkni og nákvæmni. Því miður urðu mistök bæði hjá skrifstofu KSÍ og hjá einstökum aðildarfélögum. Kærur voru fleiri en áður en heilt yfir gekk mótahaldið vel fyrir sig. Deildarkeppni Íslandsmótsins var stærri en nokkru sinni fyrr, með þremur 12 liða landsdeildum í meistaraflokki karla og 10 liða efstu deild kvenna. Umgjörð leiksins er sífellt að batna með nýjum og endurbættum leikvöngum. Aldrei fyrr hafa jafnmargir lagt leið sína á völlinn sem skýrist af fleiri leikjum en áður og aldrei fyrr hefur íslensk knattspyrna notið jafn mikilar hylli í sjónvarpi. Þetta er glæsilegur vitnisburður um þrotlaust starf forystumanna íslenskrar knattspyrnu og þann mikla metnað sem einkennir þeirra störf. Gleði sigurvegaranna var mikil að vanda. FH sýndi mikinn styrk á lokaspretti Íslandsmóts meistaraflokks karla og stóð uppi sem sigurvegari í 4. sinn á síðastliðnum 5 árum, Valur var áfram með sterkt lið og varð Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna 3. árið í röð, en KR varð bikarmeistari bæði í meistaraflokki karla og kvenna. Ég óska þessum sigurvegurum til hamingju sem og öllum öðrum sigurvegurum sl. árs en þeir voru auðvitað margir í hinum ýmsu flokkum. Á þessu ári fer fram 50. bikarúrslitaleikurinn og verður þess minnst á árinu m. a. með útgáfu bókar um keppnina og mun Skapti Hallgrímsson gera grein fyrir sínum störfum hér síðar í dag. Þá stýttist í 100. Íslandsmótið sem fer fram 2011 og höfum við fengið Sigmund Ó. Steinarsson til þess að hefja ritun sögu Íslandsmótsins í 100 ár sem koma á út í lok árs 2011.

Það virðist vera orðinn fastur liður að rætt sé um leikdaga í efstu deild karla og vilja leikmenn sjá breytingar á niðurröðun leikja. Ósk leikmanna er að leika í miðri viku og eiga sem flest frí um helgar yfir sumarmánuðina. Nú er staðan sú að t. d. Íslandsmeistararnir geta gert ráð fyrir að leika um 30 leiki í sumar og hugsanlega einhverjir leikmenn þeirra um 5 landsleiki á sama tímabili. Þetta gerir 35 leiki á 150 dögum eða 22 vikum. Þetta þýðir leikur 4. hvern dag að meðaltali sem þýðir að yfir sumarið verða oftast 2 leikir í viku. Svigrúm fyrir frí er nánast ekkert og augljóst er að fjölgun um 4 leiki í deild og 1 í bikar var ekki til þess fallin að leikmenn gætu gert sér vonir um regluleg helgarfrí - samt var stuðningur leikmanna við fjölgun í deildum mikill. Keppnistímabilið hefur ekki lengst - núverandi gerð leikvalla leyfir það einfaldlega ekki. Síðan koma til mikilvæg sjónarmið þeirra sem reka liðin, hvenær er best að fá áhorfendur á völlinn og síðast en ekki síst hvað hentar sjónvarpi. Þá er það grundvöllur í niðurröðun UEFA og FIFA að leikdagar alþjóðlegra leikja eru í miðri viku þar sem deildarkeppni um gjörvallan heim fer aðallega fram um helgar. Auðvitað er álagið ólíkt á leikmann sem leikur 23 leiki (22 í deild og 1 í bikar sem er að meðaltali 1 leikur á viku) eða á leikmann sem leikur um 35 leiki og niðurröðunin verður að taka tillit til þess að leikmaður komist yfir 35 leiki með góðu móti á okkar stutta keppnistímabili. Þetta mál verður að leiða til lykta. Mótanefnd KSÍ mun eins og hingað til fara að vilja félaganna sem leika í efstu deild en hún er jafnframt ábyrg fyrir því að niðurröðunin gangi upp. Leið leikmanna í þessu máli er í gegnum sín félög en þeir verða að muna að hlutverk þeirra í okkar hreyfingu er það skemmtilegasta - að spila fótbolta.

Fræðslustarfið var umfangsmikið á árinu eins og metþátttaka í þjálfaranámskeiðum ber glöggt vitni um. Aldrei hafa jafnmörg námskeið verið haldin. Mikilvægum áfanga var náð þegar KSÍ gerði samkomulag við Knattspyrnusamband Englands um samstarf vegna svokallaðrar Pro-gráðu, en það er æðsta stig þjálfunarmenntunar. Samstarfið felst í því að KSÍ stendur til boða að senda árlega tvo þjálfara á Pro-námskeið

enska knattspyrnusambandsins þar sem KSÍ býður ekki upp á slíkt námskeið. Þetta gerðist í kjölfar þess að fræðslustjóri KSÍ sótti þetta námskeið og lauk því með sóma. Knattspyrnusamband Evrópu hefur lagt blessun sína yfir þetta fyrirkomulag og munu íslenskir þjálfarar sem ljúka þessu námskeiði fá UEFA-viðurkenningu á Pro-gráðunni. Fræðsla dómara var stóraukin í samræmi við kröfur dómarasáttmála UEFA. KSÍ hefur nú fengið staðfestingu á inngöngu í sáttmálann sem er mikilvæg viðurkenning á starfi KSÍ á vettvangi dómaramála. Það var einnig mikilvæg viðurkenning fyrir íslenska dómara að eignast fulltrúa í efsta styrkleikaflokki innan UEFA og því hafa fylgt ný og spennandi verkefni á erlendum vettvangi. Íslenskir dómara kalla eftir virðingu eins og starfsbræður þeirra um víða veröld. Það er nauðsynlegt að við verndum dómara okkar fyrir ómaklegu aðkasti. Það er nóg fyrir þá að eiga við leikmennina innan vallar sem stundum eru í slæmu skapi en það gengur ekki að þjálfarar noti fjölmiðla til þess að koma höggi á þá. Það gengur heldur ekki að dómara, sem eru hugsanlega að stíga sín fyrstu skref, verði fyrir aðkasti forráðamanna í yngri flokkum. Við sem erum í forystu verðum að bera ábyrgð á framkomu okkar fólks og standa vörð um ímynd leiksins.

Fall bankanna og hrun íslensku krónunnar hefur dregið dilk á eftir sér. Á nokkrum mánuðum hefur rekstrarumhverfi okkar versnað til mikilla muna. Íslensk fyrirtæki eru mörg í kröppum dansi og hafa minnkað stuðning sinn við íþróttir. Fyrir þessu finnur knattspyrnuhreyfingin og verður að draga saman í sínum rekstri. Knattspyrnusambandið nýtur þess hins vegar að stærsti hluti tekna sambandsins er erlendis frá. Þannig getur KSÍ haldið úti starfsemi sinni af sama krafti og jafnframt aukið framlög sín til aðildarfélaga. Niðurstaða sl. rekstrarárs er tap vegna mikils gengistaps á erlendu láni vegna framkvæmda á Laugardalsvelli. Fyrir hrun bankanna treysti KSÍ á gengi íslensku krónunnar en hefur eftir fall hennar hafið skipulega vörn til þess að minnka gengisáhættu og á næstu dögum verður þessi áhætta lítil sem engin. Við höfum sem sagt greitt upp stóran hluta lánsins þar sem erlendar tekjur hafa komið á móti erlendu láni og við munum verja okkur breytingum á krónunni með innistæðum í erlendri mynt. Þetta er nauðsynlegt í umhverfi þar sem gengisóvissa er mikil. Upp er kominn ágreiningur milli skilanevndar gamla Kaupþings banka og KSÍ vegna fyrirkomulags um skipti á evrum og krónum. Ágreiningur þessi snýst um 130 m. kr auk vaxta og tengist erlendum tekjum KSÍ. Það er rétt að það komi skýrt fram að KSÍ hefur hafnað kröfum skilanevndarinnar og falið lögmanni að gæta hagsmuna sambandsins. Þá má geta þess að við tókum þá ákvörðun að hætta ávöxtun í peningasjóðum um mitt sl. sumar en við höfðum flutt stóran hluta innistæðna okkar í það sparnaðarform snemma árs. KSÍ gerði samninga við Sportfive um einkarétt á sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar í tvennu lagi á sl. ári fyrir tímabilið 2010-2015. Þessir samningar eru mikilvægir og leggja grunn að tekjum okkar á komandi árum. Tekjur til félaga af þessum réttindum í efstu deild karla eru tryggðar og munu félögin að auki njóta þess strax á þessu ári. KSÍ hefur aukið framlög sín til aðildarfélaga eins og tilkynnt var sl. haust og enn nú í byrjun árs. Við munum hafa frekara samráð við aðildarfélög um skiptingu styrkja sem koma til síðar þetta ár. Ég vil taka það fram að fjárhagsstaða KSÍ er traust. Á þing okkar er kominn gestur frá UEFA - Andreas Kuhn, sem vinnur við þróunarverkefni samtakanna. Ég hef rætt við UEFA um frekari aðstoð við okkur vegna falls íslensku krónunnar og er vongóður um skilning á stöðu okkar.

Á fimmtudaginn var tilkynnti nýi Landsbankinn okkur að bankinn muni ekki taka yfir samning gamla Landsbankans og Sportfive. Landsbankinn verður því ekki samstarfsaðili okkar um efstu deild karla og kvenna. Það fóru engar viðræður fram um nýja skilmála heldur var þetta einhliða ákvörðun bankans. Þetta voru vonbrigði en ég vil þakka bankanum fyrir frábært samstarf undanfarin ár. Bankinn hefur tilkynnt okkur að hann muni halda áfram að styðja aðildarfélög KSÍ víða um land og er það vel. Við verðum einfaldlega að bretta upp ermar og leita að nýjum samstarfsaðila. Knattspyrnusamband Evrópu styður aðildarfélög KSÍ og mun væntanlega hækka framlög til þeirra um u.þ.b. 30% en sala á sjónvarps- og markaðsrétti vegna Meistaradeildarinnar og Evrópudeildarinnar næstu 3 tímabilin hefur gefið UEFA auknar tekjur. Íslandsmeistari í efstu deild karla getur því gert sér vonir um allt að 50 m. kr. fyrir þátttöku í einni umferð forkeppni Meistaradeildarinnar. Nauðsynlegt er að sveitarfélög haldi áfram að styðja rekstur íþróttafélaga jafnt meistaraflokka sem yngri flokka. Þá verðum við að standa saman í kröfu okkar um jafnræði þegar kemur að ferðakostnaði íþróttafélaga. Það var mikill sigur þegar sjóðurinn komst loksins á laggirnar og nú er markmiðið klárt. Við verðum að sækja á Alþingi um framlög í sjóðinn til þess að búseta verði framvegis ekki hindrum þegar kemur að þátttöku í keppni innanlands. Það eru kosningar í vor og við eigum að nota hvert tækifæri sem gefst til að minna frambjóðendum á okkur og óska eftir a.m.k. 200 m. kr. í sjóðinn á ári. Þing ÍSÍ er framundan og þar er rétt að setja málið á dagskrá.

Aldrei fyrr í sögu KSÍ hefur Ísland leikið jafnmarga landsleiki og á árinu 2008, eða alls 65. Karlalandsliðin léku 35 leiki en kvennalandsliðin 30 leiki. Yngri landsliðin áttu misjöfnu láni að fagna á árinu, en þau eru sem fyrr mikilvægur undirbúningur og reynsla fyrir landsliðsmenn framtíðarinnar. Það sýnir vel umfang starfsins að í

Yngri landsliðum karla léku 100 leikmenn í leikjum ársins (alls 5 lið), en í yngri landsliðum kvenna léku 56 leikmenn í leikjum ársins (alls 3 lið). Það er mikilvægt að standa vel að þessu starfi og hlúa vel að ungum og efnilegum leikmönnum. Það er eitt af meginmarkmiðum Knattspyrnusambands Evrópu (UEFA) og Alþjóða Knattspyrnusambandsins (FIFA) að takmarka verulega félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára á milli landa, þannig að sporna megi við þeirra þróun að ungir leikmenn hverfi of fljótt frá uppeldisfélögum sínum út í mikla óvissu og slæman aðbúnað, oft án þess að eðlilegar bætur komi til.

A landslið karla hóf leik í undankeppni HM 2010 og náði 4 stigum í 4 leikjum. Liðið er í 2.-3. sæti í sínum riðli, á eftir 4 leiki til viðbótar sem fram fara á árinu 2009 og er því í slagnum um 2. sætið. Ótvíræð batamerki eru á leik liðsins frá undankeppni EM 2008 og með góðri frammistöðu getur liðið náð 2. sæti, sem getur gefið rétt á þátttöku í umspili um sæti í úrslitakeppni HM 2010. Í Evrópu eru 9 riðlar í undankeppni HM 2010 sem gefa 13 sæti í úrslitakeppninni í S-Afríku. Sigurvegarar riðlanna 9 fá þar sæti auk þeirra fjögurra þjóða sem hafa betur í umspilsleikjum sem fram fara í nóvember 2009. Þetta þýðir að 8 af þeim 9 þjóðum sem lenda í 2. sæti í undankeppninni komast í umspil samkvæmt sérstökum reglum þar um. Þegar við horfum lengra fram á veginn er ánægjulegt að vita til þess að frá og með 2016 verða 24 lið í úrslitakeppni Evrópumótsins.

Loksins náði A landslið þeim merka áfanga að vinna sér sæti í lokakeppni stórmóts í knattspyrnu. Það var ekki A landslið karla eins og svo marga hefur dreymt um heldur A landslið kvenna sem sló í gegn og vann sér sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Finnlandi í lok ágúst og byrjun september 2009. KSÍ hefur á undanförunum árum sótt fram á vettvangi landsliða kvenna og fylgt eftir stóru áhuga og þátttöku stúlkna í knattspyrnu. Aðildarfélögin hafa fundið fyrir þessum áhuga og lagt grunninn að þessum frábæra árangri með skipulagðri uppbyggingu eins og lengi hefur verið til staðar fyrir drengi. A landslið kvenna hefur unnið hug og hjórtu Íslendinga með glæsilegri framgöngu innan sem utan vallar og hróður knattspyrnunnar hefur vaxið. Nú er það verkefni knattspyrnuhreyfingarinnar að fylgja þessum árangri eftir og auka enn þátttöku stúlkna í knattspyrnu.

Ég lýk máli mínu á að þakka ykkur forystusveit Íslenskrar knattspyrnu fyrir ósérhlífni og góð störf. Samstarf okkar hefur verið gott og við þurfum að vinna saman að mörgum aðkallandi verkefnum sem biða okkar. Við sem störfum í knattspyrnu þekkjum vel mótlati og þó að nú blási á móti í rekstrarumhverfi okkar þá vitum við að það mun birta til. Íslensk knattspyrna stendur traustum fótum þegar ég segi 63. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Geir Þorsteinsson afhenti Fylki kvennabikarinn.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, veitti viðurkenningar til fjölmiðla. KR-útvarpið fékk viðurkenningu fyrir frumkvöðlastarf og Stöð 2 Sport fyrir gerð sjónvarpsþátta um 10 bestu knattspyrnumenn Íslands.

Geir Þorsteinsson afhenti Drago stytturnar, til Keflavíkur í Landsbankadeild karla og til Hauka í 1. deild karla.

Geir Þorsteinsson afhenti jafnréttisviðurkenningu KSÍ. ÍR fékk viðurkenningu fyrir frumkvöðlastarf í þágu innflytjenda í íþróttum og Víðir Sigurðsson fyrir hans mikilvæga framlag til skráningar sögu Íslenskrar knattspyrnu þar sem áhersla hefur verið lögð á að fjalla jafnt um konur og karla, unga og aldna.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Einar K. Jónsson formaður, UMSK

Finnbogi Hilmarsson, ÍBR

Jón Gíslason, ÍS

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. 1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Agúst Ingi Jónsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, tók til máls og flutti kveðju til KSÍ. Ólafur ræddi meðal annars góðan árangur kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Segja mætti að stúlkurnar hefðu brotið ísinn með eftirminnilegum hætti, í þeirra orða fyllstu merkingu, með góðum árangri á Laugardalsvellið síðastliðið haust. Ólafur sagði starf Knattspyrnusambandsins blómlegt og reksturinn traustan eins og ársreikningur sambandsins bæri með sér. Blikur væru hins vegar á lofti og brýnt væri að gleyma ekki gildi íþróttanna. Nauðsynlegt væri að horfa á efnahagsreikning íþróttastarfsins, það væri það sem máli skipti þegar upp væri staðið. Hann sagði jafnframt að fræðslustarf og starfsemi grasrótarinnar væru til fyrirmyndar í knattspyrnuhreyfingunni.

Helga Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, tók til máls og óskaði knattspyrnuhreyfingunni til hamingju með mannvirkin í Laugardalnum og blómlegt starf. Hún ræddi sérstaklega góðan árangur kvennalandsliðsins, sem þegar hefði skilað auknum áhuga og starfi hjá knattspyrnukonum á öllum aldri. Megi starf KSÍ áfram vera blómlegt, sagði Helga. Íslandi allt.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, sagði frá starfi félagsins á liðnu starfsári og baráttumálum þess þar sem aukin menntun og aukinn áhugi á þjálfun væru efst á baugi. Sigurður Þórir þakkaði KSÍ gott samstarf á liðnu ári.

Álit kjörbréfanefndar

Einar K. Jónsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSB (1): Hafsteinn H Gunnarsson.

Frá HSH (3): Jónas Gestur Jónasson, Hilmur Hauksson og Kristmundur Sumarliðason.

Frá HSK (7): Erling Huldarsson, Skúli Bergmann, Tómas Þóroddsson, Valgeir Ásgeirsson, Eyjólfur Harðarson, Guðbjartur Örn Einarsson og Einar Karl Þórhallsson.

Frá HSV (1): Svavar Guðmundsson.

Frá HSP (1): Þorsteinn Þormóðsson.

Frá ÍA (3): Sigrún Ríkhardsdóttir, Gísli Gíslason og Þorbjörg Magnúsdóttir.

Frá ÍBA (6): Þórólfur Sveinsson, Unnsteinn Jónsson, Bjarni Áskelsson, Gunnar Gunnarsson, Þorvaldur Makan Sigbjörnsson og Bjarni H. Þórisson.

Frá ÍBH (7): Jón Björn Skúlason, Agnar Steinn Gunnarsson, Ingvar Magnússon, Jón Rúnar Halldórsson, Pétur Ó. Stephensen, Lúðvík Arnarson og Viðar Halldórsson.

Frá ÍRB (6): Þorsteinn Magnússon, Ólafur Birgir Bjarnason, Hjördís Baldursdóttir, Einar Helgi Aðalbjörnsson, Þórður Karlsson og Leifur Gunnlaugsson.

Frá ÍBR (34): Stefán Stefánsson, Hörður Antonsson, Guðrún Hjartardóttir, Þorvaldur Árnason, Jónas Kristinsson, Rúnar Kristinsson, Kristinn Kjærnestad, Jónas Sigurðsson, Ótthar Edvardsson, Börkur Edvardsson,

Björn Guðbjörnsson, Bragi Bragason, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Kári Arnórsson, Guðni Þórisson, Jón Þorbjörnsson, Lúðvík Þorgeirsson, Brynjar Jóhannesson, Júlíus Guðmundsson, Stefán Óli Sæbjörnsson, Finnbogi Hilmarsson, Ásmundur Vilhelmsson, Grétar Jónsson, Sigurður Sveinbjörnsson, Rúnar Óskarsson, Halldór Þ. Halldórsson, Bjarni Bentsson, Karl Arthursson, Þórður Einarsson, Eiríkur Þ. Einarsson, Eiríkur Benónýsson, Róbert Agnarsson, Zakaria Elías Anbari og Páll Kristjánsson.

Frá ÍBS (1): Róbert Haraldsson.

Frá ÍBV (5): Gestur Magnússon, Þorsteinn Þorsteinsson, Trausti Hjaltason, Einar Friðbjólfsson og Jóhannes Ólafsson.

Frá ÍS (8): Ingvar Guðjónsson, Jón H. Gíslason, Ragnar Ragnarsson, Sigurður Gunnarsson, Einar Jón Pálsson, Heiðar Þorsteinsson, Sigurður Jóhannsson og Eyjólfur Ólafsson.

Frá UÍA (7): Þorvarður Sigurbjörnsson, Bjarni Ólafur Birkisson, Árni Ólason, Stefán Eyjólfsson, Arnar Guðmundsson, Egill Þorsteinsson og Magnús Ásgrímsson.

Frá UMSE (1): Björn Friðbjólfsson.

Frá UMSB (1): Einar Þ. Eyjólfsson.

Frá UMSK (17): Viggó Magnússon, Jón Sigurðsson, Hilmar S. Sigurðsson, Ágúst Auðunsson, Pétur Magnússon, Snorri Gissurarson, Tryggvi Þorsteinsson, Bjarki Már Sverrisson, Einar K. Jónsson, Svavar Jósefsson, Andrés B. Sigurðsson, Sigurður Hilmarsson, María Grétarsdóttir, Einar Páll Tamimi, Einar Sigurðsson, Valdimar Leó Friðriksson og Svanur Gestsson.

Frá UMSS (1): Guðjón Örn Jóhannsson.

Frá USAH (1): Benedikt K. Sigurðsson.

Frá USÚ (1): Valdemar Einarsson.

Enginn mætti frá: HHF, HHS, UDN, UÍÓ, USVH og USVS.

Fyrirnefndir 112 fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og þakkaði góðan rekstur KSÍ á sama tíma og allir væru að kvarta. Styrk staða KSÍ skipti hreyfinguna gífurlega miklu máli. Hann sagði að forystumenn mættu alls ekki láta doða í samfélaginu bitna á íþróttastarfinu. Sveitarfélög og ríki ættu að styðja við bakið á knattspyrnunni og því íþróttastarfi sem væri unnið í þágu samfélagsins alls og yrðu því að skera niður annars staðar en í íþróttastarfi. Ferðasjóð þyrfti að efla en ekki draga úr framlögum. Valdimar Leó benti að lokum á að framundan eru prófkjör og kosningar og nú væri því tími til að halda uppi stöðugum þrýstingi.

Viðar Halldórsson sagði reikninga samstæðunnar sýna traustan fjárhagsgrundvöll og þakkaði stjórn og starfsmönnum. Hann sagði eðlilegt að sundurliða kostnað æðstu stjórnenda og stjórnunarlaun. Að lokum bauð hann forystu KSÍ í heimsókn í Kaplakrika þar sem hann sagði að væri alvöru knattspyrnuvöllur, en ekki hlaupabrautarvöllur.

Reikningar sambandsins voru samþykktir.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 14

Tillögur á þingskjölum 6 til 14 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6

- Þórir Hákonarson hafði framsögu.

Rekstraráætlun 2009

	Skýr.	Áætlun 2009	Niðurstaða 2008	Áætlun 2008
Rekstrartekjur				
Styrkir og framlög	1	332.200.000	595.749.001	239.000.000
Tekjur af landsleikjum		38.500.000	37.361.655	39.000.000
Sjónvarpsréttur		169.000.000	168.629.250	129.000.000
Aðrar rekstrartekjur		28.000.000	21.225.935	23.500.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		66.200.000	48.074.408	53.000.000
		633.900.000	871.040.249	483.500.000
Rekstrargjöld				
Kostnaður við landslið	2	-255.895.000	-265.976.776	-206.400.000
Mótakostnaður		-86.250.000	-66.283.894	-57.500.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-169.000.000	-158.557.749	-155.100.000
Annar rekstrarkostnaður	4	-28.900.000	-18.684.829	-18.200.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-63.350.000	-53.223.559	-42.500.000
Afskriftir		-30.000.000	-29.674.503	-29.000.000
		-633.395.000	-592.401.310	-508.700.000
Tap fyrir aðrar tekjur og gjöld		505.000	278.638.939	-25.200.000
Aðrar tekjur og gjöld				
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ		50.000.000	20.155.436	50.000.000
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ		-50.000.000	-20.155.436	-50.000.000
Styrkir og framlög til aðildarfélaga		-50.000.000	-64.250.359	-34.000.000
Fjármunatekjur		70.000.000	51.565.478	70.000.000
Fjármagnsgjöld		-20.000.000	-52.748.747	-10.000.000
Gengismunur		0	-376.194.309	0
		0	-441.627.937	26.000.000
Hagnaður/tap ársins		505.000	-162.988.998	800.000

Skýringar

	Áætlun 2009	Raun 2008	Áætlun 2008
1. Styrkir og framlög			
ÍSí	19.700.000	20.784.321	18.500.000
Getraunir	3.500.000	3.911.561	3.500.000
UEFA styrkir	224.000.000	431.180.919	132.000.000
FIFA styrkur	25.000.000	67.872.200	15.500.000
Ýmsir styrkir	60.000.000	72.000.000	69.500.000
	332.200.000	595.749.001	239.000.000
2. Kostnaður við landslið			
A-landslið karla	106.570.000	108.779.736	90.200.000
U-21 landslið karla	23.880.000	14.525.893	13.700.000
U-19 landslið karla	14.435.000	16.818.377	10.300.000
U-17 landslið drengja	13.000.000	11.273.271	16.400.000
A-landslið kvenna	55.610.000	55.548.289	32.200.000
U-19 landslið kvenna	12.510.000	15.427.836	12.200.000
U-17 landslið stúlkna	12.115.000	19.317.440	15.700.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	17.775.000	24.285.934	15.700.000
	255.895.000	265.976.776	206.400.000
3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Launakostnaður	104.150.000	100.504.988	99.900.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	64.850.000	58.052.761	55.200.000
	169.000.000	158.557.749	155.100.000
4. Annar rekstrarkostnaður			
Fræðslukostnaður	21.900.000	14.503.214	12.000.000
Þátttökuleyfi	1.500.000	823.752	1.500.000
Ýmis kostnaður	5.500.000	3.357.863	4.700.000
	28.900.000	18.684.829	18.200.000

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt.

Þingskjal 7

- Steinn Halldórsson, 2. þingforseti, gerði grein fyrir tillögunni.

**Tillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
– Breyting á innheimtu–**

Lagt er til að við grein 41.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót bætist við eftirfarandi setning: (Ská- og feitletrað)

41.3. Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 130.000 í meistaraflokki en kr. 30.000 í öðrum flokkum. ***KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein.***

Greinargerð:

Það er gömul og ný saga að erfiðleg hefur stundum gengið fyrir félög að innheimta þessar greiðslur þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar. Það er örugglega miklu skilvirkara og betra móralslega að þessar greiðslur séu innheimtar af sambandinu en að láta félögin standa í þrasi um greiðslunnar.

Sindri Hornafirði

Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt.

Þingskjal 8

- Framsögu hafði Svavar Jósefsson.

**Tillaga um millipinganefnd
- Knattspyrnuþjálfun barna -**

Með vísan til 7. greinar laga um Knattspyrnusamband Íslands, e. liður, er lagt til að stofnuð verði sérstök nefnd á vegum KSÍ sem skal nefnast *Nefnd um eflingu knattspyrnuþjálfunar barna*. Með vísan til 29. greinar, 1. liður, getur Knattspyrnuþing KSÍ skipað sérstakar tímabundnar nefndir.

Lagt er til að skipuð verði sex manna nefnd sem hefur það hlutverk að efla knattspyrnuþjálfun barna á Íslandi. Markmið nefndarinnar verður að auka faglegt starf með börnum og bæta knattspyrnuþjálfun 5 til 15 ára barna. Meðal annars með skýrari stefnumótun í knattspyrnuþjálfun barna og með skýrari viðmiðum í starfi með börnum innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Stjórn KSÍ skal skipa í nefndina og skal nefndin skila niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. desember 2009 og verða niðurstöður kynntar á 64. árþingi KSÍ.

Greinargerð:

Í anda 17. greinar, 4. liðar, laga um Knattspyrnusambands Íslands er lagt til að sett verði á laggirnar sérstök nefnd er hefur það hlutverk að efla knattspyrnuþjálfun barna. Mörg gæfuspor hafa verið stigin í þjálfun og aðbúnaði barna á Íslandi síðustu misseri, s.s. stórefling menntunar þjálfara, sparkvallaverkefni, ýmis námskeið, aukin áhersla á velferð barna og fleiri slíkir þættir. Til að efla starfið enn frekar er þörf á sérhæfðri nefnd sem hefur það hlutverk að þróa markvissa stefnumótun og stuðla að mun betri vinnubrögðum í þjálfun barna í samræmi við nýja reynslu og rannsóknir í knattspyrnuþjálfun. Í samstarfi við aðildarfélög og nefndir KSÍ getur slík nefnd aukið gæði knattspyrnuþjálfunar á Íslandi og stuðlað að betri árangri. Álitid er að með betri aðferðum, sem eru að ýmsu ólíkar þjálfun fullorðinna, sé hægt að ná til stærri og breiðari hóps þátttakenda ásamt því að ná betri árangri á fyrstu stigum þjálfunar. Nánari útfærsla á verkefnum væri í höndum nefndarinnar og stjórnar KSÍ

en ljóst er að mótun áherslna í þjálfun, sköpun þekkingar og þróun á nýjum vinnubrögðum og aukin faglegur stuðningur við aðildarfélög væru verkefni nefndarinnar. Nefndin skal hafa samráð við m.a. fræðslunefnd, mótanefnd og útbreiðslunefnd enda liggur fyrir að verkefni þessara nefnda eru samþætt að nokkru leyti. Að endingu er bent á að knattspyrnuíðkendur á Íslandi eru ca. 18.600 og þar af eru tæp 13.000 15 ára og yngri.

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Tillagan á þingskjali 8 var samþykkt.

Þingskjal 9

- Framsógu hafði Vignir Þormóðsson.

Tillaga um millipinganefnd – 2. aldursflokkur –

Ársþing KSÍ samþykkir að skipa 5 manna millipinganefnd sem ætlað er að meta þær breytingar sem gerðar hafa verið á keppnisfyrirkomulagi í 2. aldursflokki og skoða hvort ástæða sé til breytinga á aldursskiptingu. Stjórn KSÍ skal skipa í nefndina og skal hún skila niðurstöðum eigi síðar en 1. september 2009.

Greinargerð:

Á síðasta ári voru gerðar breytingar á keppnisfyrirkomulagi í 2. aldursflokki. Í haust setti fundur félaga í 1.deild karla fram hugmyndir um breytingar á aldursskiptingu í 2.aldursflokki þannig að gjaldgengir verði leikmenn 17-20 ára (4 ár) í stað 17-19 ára (3 ár). Stjórn KSÍ ákvað í kjölfarið að leggja til að málið verði skoðað í millipinganefnd.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 9 var samþykkt.

Þingskjal 10

- Framsógu hafði Rúnar Arnarson.

Tillaga um starfshóp – Keppnistímabil meistaraflokks –

Ársþing KSÍ samþykkir að skipa 7 manna starfshóp sem ætlað er að skoða fyrirkomulag mótahalds í meistaraflokki utan hins hefðbunda keppnistímabils og leggja fram tillögur og úrbætur til stjórnar KSÍ ef þörf er á eigi síðar en 1.júní nk. Stjórn KSÍ skal skipa í starfshópinn.

Greinargerð:

Í kjölfar fjölgunar liða í deildum í Íslandsmóti meistaraflokks telur stjórn KSÍ rétt að skoðað verði fyrirkomulag annarra móta utan hins hefðbundna keppnistímabils með það að markmiði að skipulag og umgjörð mótahaldsins þjóni sem best hagsmunum íslenskra félagsliða.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 10 var samþykkt.

Þingskjal 11

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, gerði grein fyrir tillögunni.

**Tillaga til ályktunar
- eldri flokkur karla(30+)-****Tillagan er sú að sumarið 2009 verði spilað í eldri flokki sem hér segir:**

- ✓ Leikið í 11 manna liðum
- ✓ Spilað í tveimur riðlum, 3 – 5 leikir á lið, (miðað við 8 – 10 þáttökulið, ef fleiri lið þá fleiri riðlar)
- ✓ Riðlakeppni fer fram í maí/júní (fáir leikmenn farnir í sumarfrí)
- ✓ Tvö efstu lið riðlanna komast í úrslit
- ✓ Krossspil spilað í byrjun september (flestir leikmenn komnir úr sumarfrí):
 - Efsta liðið í A – riðli á heimaleik gegn liði nr. 2 í B – riðli.
 - Efsta liðið í B – riðli á heimaleik gegn liði nr. 2 í A – riðli.
- ✓ Sigurvegarar í krossspili spila úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn á hlutlausum velli.

Greinargerð:

Með þessu fyrirkomulagi eru færri leikir á lið. Þegar leikjum fækkar verður væntanlega auðveldara að manna lið. Hver leikur verður mikilvægari og úrslitakeppni er gulrót í lok sumars þar sem væntanlega verður mjög auðvelt að manna liðin. Keppni “gömlu snillinganna” þarf að hefja til meiri virðingar sem fæst með samstilltu átaki félaganna og KSÍ.

Undangengin ár hefur keppni í eldri flokki karla verið í mjög lausu lofti. Á hverju sumri er mikið um frestanir, félög eru að gefa leikina ásamt því að mörg félög tefla fram ófélagsbundnum leikmönnum til þess að manna lið sitt.

S.l. sumar var gerð breyting á keppnisfyrirkomulagi þar sem farið var í keppni í 7 manna bolta í stað 11 manna bolta. Breyting þessi var m.a. gerð í þeirri von að auðveldara væri að ná að manna lið og þar með að fækka frestunum leikja. Reynsla síðasta sumars var því miður alls ekki á þann veginn. Frestun leikja og það að lið gáfu leikina breyttist ekkert, ef eitthvað var þá versnaði ástandið. Rætt var við nokkra leikmenn félaganna í lok s.l. keppnistímabils og kom öllum saman um að enn erfiðara væri að manna í lið þar sem margir leikmenn hefðu engan áhuga á að spila 7 manna bolta, það væri einfaldlega leiðinlegt. Leikmenn á “besta skeiði” vilja fá að spila “alvöru” fótbolta.

S.l. ár hafa um 10 – 12 félög verið skráð til leiks í upphafi móts en síðan hefur liðum fækkað þegar liðið hefur á mótið.

Knattspyrnudeild Keflavíkur

Þórir lagði til að tillögunni yrði vísað til mótanefndar KSÍ.

Tillögu á þingskjali 11 var vísað til mótanefndar KSÍ.

Þingskjal 12

- Framsögu hafði Jóhannes Ólafsson og má geta þess að brunabjalla fór í gang undir framsögu Jóhannesar.

**Tillaga til ályktunar
– Ferðasjóður ÍSÍ –**

Ársþing KSÍ skorar á menntamálaráðherra að standa vörð um ferðasjóð ÍSÍ og endurskoða þá ákvörðun að hækka ekki framlag til sjóðsins á árinu 2009 eins og kynnt hafi verið fyrir íþróttahreyfingunni þegar sjóðurinn var stofnaður.

Greinargerð:

Ferðasjóðurinn hefur þegar sannað gildi sitt og fjölmörg aðildarfélög ÍSÍ hafa notið góðs af honum. Mikilvægt er að í framtíðinni geti sjóðurinn stuðlað að enn meiri jöfnuði þannig að búseta íþróttafólks hamli ekki þátttöku íþróttastarfi.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 12 var samþykkt.

Þingskjal 13

- Framsögu hafði Þórir Hákonarson.

**Tillaga til ályktunar
– Skattamál –**

Ársþing KSÍ skorar á ríkisstjórn Íslands að gera breytingar á lögum um virðisaukaskatt á þann veg að sveitarfélög fái endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum við íþróttamannvirki sem þau standa fyrir.

Greinargerð:

Í þeirri fjármálakreppu er íslenskt samfélag gengur nú í gengum er mikilvægt að ríkisvaldið komi að uppbyggingu á íþróttamannvirkjum með óbeinum hætti og örvi þannig starfsemi íþróttafélaga. Sveitarfélög eru í nær öllum tilfellum framkvæmdaaðili að uppbyggingu íþróttamannvirkja og það að endurgreiða virðisaukaskatt af slíkum framkvæmdum væri hvatning um að standa að frekari uppbyggingu sem hefði jákvæð áhrif á samfélagið allt.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 13 var samþykkt.

Þingskjal 14

- Framsögu hafði Jón Gunnlaugsson.

**Tillaga til ályktunar
– Stuðningur sveitarfélaga við íþróttastarf –**

Ársþing KSÍ skorar á sveitarfélög að efla enn frekar íþróttastarfsemi í landinu með það að leiðarljósi að byggja upp samfélag þar sem íþróttir eru viðurkennd leið til heilbrigðra lífsgilda. Sveitarfélög eru hvött til að standa að uppbyggingu íþróttamannvirkja og styrkja rekstur íþróttastarfsemi æskunnar og ekki síður afreksfólks sem fyrirmynd þeirra yngri.

Greinargerð:

Mikil uppbygging hefur verið á íþróttamannvirkjum um allt land undanfarin ár en þrátt fyrir það er víða þörf fyrir frekari úrbætur. Mikilvægi íþróttar fyrir heilbrigðan lífstíl er löngu viðurkennd sem og forvarnargildi þeirra. Fagna ber auknum stuðningi sveitarfélaga við rekstur íslenskra íþróttafélaga en í því sambandi er mikilvægt að ekki gleymist stuðningur við meistaraflokka en þar eru fyrirmyndirnar og gott afrekslið leiðir til fjölbreyttara mannlífs og jákvæðrar ímyndar sveitarfélags.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 14 var samþykkt.

Önnur mál

Lúðvík S. Georgsson, varaformaður KSÍ, gerði grein fyrir stöðu leyfiskerfisins hérlendis og innan UEFA. Hann sagði að ný reglugerð UEFA hefði litið dagsins ljós 1. október sl. Þar væru lögformlegir þættir styrktir, en allt hismi skorið frá þannig að eftir stæðu hagnýt atriði í mun aðgengilegra riti. Mannvirkjakafli leyfiskerfisins hefði verið fluttur inn í mannvirkjareglugerð, en hefði sömu lagalegu stöðu og áður. Ný reglugerð um mannvirki og knattspyrnuvelli væri nánast tilbúin. Lúðvík velti því að lokum upp hvort tímabært væri að koma á leyfiskerfi í efstu deild kvenna, sem yrði þá sambærilegt og gildi í 1. deild karla.

Skapti Hallgrímsson greindi frá verkefni sem hann hefur unnið að fyrir KSÍ síðustu mánuði; sögu bikarkeppninnar í knattspyrnu, en 50. bikarkeppnin fer fram í sumar. Lagði Skapti áherslu á að ritið yrði lifandi bók um lifandi fólk, bæði karla og konur. Bikarkeppnin verður rifjuð upp frá upphafi, rætt við leikmenn sem hafa komið við sögu og sérstakur kafli verður um bikarkeppnina næsta sumar. Bókin verður um 300 blaðsíður að stærð og er útkoma áætluð að loknu keppnistímabilinu næsta haust.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ og landsliðsþjálfari kvenna, ræddi stöðu kvennaknattspyrnunnar. Hann sagði að stúlkum sem iðka knattspyrnu hefði fjölgað um 800 á síðustu fimm árum á sama tíma og körlum hefði fækkað um 912. Liðum kvenna hefði fjölgað um 100 á síðustu 10 árum, en að hluta til væri sú aukning tengd breytingum á aldursflokkum hjá stúlkum. Hann sagði að fáar konur væru með þjálfaramenntun og afskaplega fáar fengjust við dómgæslu. Hann tók sem dæmi um aukinn áhuga að áhorfendum hefði á nokkrum árum fjölgað úr 700 í 1000 á úrslitaleik VISA-bikarkeppninnar og áhorfendum á landsleiki kvenna hefði á nokkrum fjölgað úr 1.067 að meðaltali á ári í 4.323. Sigurður Ragnar nefndi nokkur dæmi sem hefðu verið kvennaknattspyrnunni til framdráttar, t.d. kjör Margrétar Láru Viðarsdóttur sem íþróttamanns ársins, árangur kvennalandsliðsins, sem leikur í úrslitakeppni EM í Finnlandi í sumar, fjölgun kvenna í atvinnumennsku erlendis og sala sjónvarpsréttinda. Verið væri að vinna að heimildarkvikmynd um A-landslið kvenna og yrði hún sýnd í kvikmyndahúsum og sjónvarpi í vor og sumar. Þar væru margar fyrirmyndir á ferð, sem eflaust myndu auka áhugann enn frekar.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, gerði grein fyrir reglugerðarbreytingum sem samþykktar voru af stjórn KSÍ á síðasta starfsári. Fjalla breytingarnar meðal annars um hlutgengi leikmanna, félagaskipti, mótmæli og kærur í knattspyrnu, aga- og úrskurðarmál, samningsskyldu og knattspyrnuleikvanga.

Ólafur Björnsson gerði athugasemd við breytingu á ákvæði um að félög geta ekki tapað leikjum vegna afskipta þjálfara í leibanni, heldur eingöngu fengið sekt. Ólafur taldi að verið væri að koma röngum skilaboðum til hreyfingarinnar og ekki væri líðandi að menn gætu keypt sig fram hjá refsingum. Óskaði hann eftir að þetta ákvæði yrði endurskoðað. Róbert Haraldsson tók undir með Ólafi, en Þórir Hákonarson og Geir Þorsteinsson svöruðu. Sagði Geir meðal annars að refsingar væru alvörumál og útskýrði hvað lægi á bak við umrætt ákvæði.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Unnsteinn Jónsson.

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda:

Kosning formanns:

Kjörnefnd gerði tillögu um Geir Þorsteinsson sem formann KSÍ til næstu tveggja ára. Var hann sjálfkjörinn með lófataki.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Guðrún Inga Sívertsen	Reykjavík
Gylfi Þór Orrason	Reykjavík
Róbert Agnarsson	Reykjavík
Vignir Már Þormóðsson	Akureyri

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Vesturland	Jakob Skúlason, UM SB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UM SE
Austurland	Árni Ólason, UÍA
Suðurland	Einar Friðþjófsson, ÍBV Tómas Þóroddsson, HSK

Landshlutafulltrúar Vesturlands, Norðurlands og Austurlands voru sjálfkjörnir.

Kosning fór fram samkvæmt lögum KSÍ um landshlutafulltrúa Suðurlands og féllu atkvæði þannig:

Einar Friðþjófsson, 53 atkvæði
Tómas Þóroddsson, 49 atkvæði

Einar Friðþjófsson er því réttkjörinn sem landshlutafulltrúi Suðurlands til eins árs.

Kosning til varaþjórnar til eins árs

Jóhannes Ólafsson
Sigvaldi Einarsson
Þórarinn Gunnarsson

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jóhann Torfason, HSV
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttáþing til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Elías Hergeirsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson Guðmundur Pétursson Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

Kosning í leyfisráð

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisráð til tveggja ára var samþykkt:

Lúðvík Georgsson, formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Örn Gunnarsson

Kosning í leyfisdóm

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisdóm til tveggja ára var samþykkt:

Sveinn Jónsson, formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára var samþykkt:

Kolbeinn Árnason, formaður
Gunnar Guðmundsson, varaformaður
Halldór Frímansson, varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún S. Óttarsdóttir
Sigurður Ingi Halldórsson
Þröstur Ríkharðsson

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Gísli Gíslason, formaður
Steinn Halldórsson
Unnsteinn Jónsson

Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, þakkaði þingheimi traust sem honum hefði verið sýnt með endurkjöri sem formaður. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf, þeim Guðmundi Ingvasyni, sem hefur verið landshlutafulltrúi Austurlands í átta ár, Stefáni Geir Þórisyni, sem setið hefur í aðalstjórn í tvö ár, og Kjartani Daníelssyni, sem setið hefur í varatjórn í sex ár. Hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa, þá Gylfa Orrason, Róbert Agnarsson og Árna Ólason. Að lokum þakkaði hann þingforsetum og þingriturum fyrir góð störf.

Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf og sleit 63. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.



Guðmundur Pétursson
1. þingforseti
(sign.)



Ágúst Ingi Jónsson
1. þingritari
(sign.)



Steinn Halldórsson
2. þingforseti
(sign.)



Klara Bjartmarz
2. þingritari
(sign.)